

**52**  
8. maí **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-**  
**amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað-  
ur, í brjefi, dagsettu 30. marz þ. á., meðmælum sýslumannsins í Norðurmúlasýslu  
og beiðni hreppsnefndarinnar í Hjaltastaðarhreppi, vil jeg hjermeð samþykkja  
að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hjaltastað að Kóreksstöðum, þó  
með því skilyrði að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þing-  
halda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**53**  
8. maí **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-**  
**amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað-  
ur, í brjefi, dagsettu 30. marz þ. á., meðmælum sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu  
og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi, vil jeg hjermeð samþykkja, að  
þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hrafnagili að Grund, þó með því skil-  
yrði að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hin-  
nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**54**  
21. maí **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um neitun á**  
**staðfesting á lagafrumvarpi um friðun fugla og hreindýra.** Með  
brjefi herra landshöfðingjans, dagsettu 30. septbr. f. á., meðtók ráðaneytið frum-  
varp til laga um friðun fugla og hreindýra, sem borið hafði verið upp af þing-  
manna hálfu, og samþykkt var af alþingi síðastliðið sumar. Mæltuð þjer með  
því, að ráðaneytið legði það til að lagafrumvarp þetta hlyti allrahesta stað-  
festing.

Í október f. á. kom svo til ráðaneytisins erindi frá sýslunefndinni og  
hreppsnefndinni í Vestmannaeyjum um, að frumvarpið yrði ekki að lögum, með því  
að hinn lengdi friðunartími fyrir lunda í júní og júlí, er ákveðinn er í frumvarpinu, ein-  
mitt hitti á bezta veiðitímann, og mundi það fara alveg með atvinnugrein, er þýðing-  
armikil væri fyrir eyjarnar. Meðal annars mundi slíkt friðunarákvæði, er hlyti  
að hafa sömu áhrif sem forboð, svipta leiguliða landssjóðs svo verulegri tekju-  
grein, að jafnvel mundu koma fram kröfur um endurgjald af landssjóði. Um  
þetta áleit ráðaneytið rjett að gjöra yður kunnugt, áður en afráðið væri um  
frumvarpið.

Með brjefi, dagsettu 9. febr. þ. á., hafði þjer síðan ennfremur sent til  
ráðaneytisins brjef, er til yðar hefir komið frá justitiarius í landsyfirrjettinum  
Sveinbjörnsson, þar sem hann, sem er sjerlega fróður um allt viðvikjandi veiði  
og fuglatöku á Íslandi, svo sem meðeigandi nokkurra fuglaeyja í nánd við  
Reykjavík lýsir því, að hann sje með öllu samdóma hinum framkomnu aðfinnslum.  
Gjörir hann nánari grein fyrir lífi lundans og sýnir fram á, að fullorðni geld-  
fuglinn, sem veiddur er á hinum nefndu eyjum, og í Vestmannaeyjum, veiðist helzt

í júlímánuði. Þar að auki finnur hann að ýmsum öðrum atriðum í lagafrumvarpinu. Jafnframt því að geta þess, að eigi virðist vera nein veruleg þörf fyrir 21. maí ir eða almenn ósk um breyting á hinum gildandi ákvæðum um friðun fugla og hreindýra, hafið þjer samkvæmt umgetnum upplýsingum um málið úr tveimur áttum látið það álit yðar í ljósi, að það mundi heppilegast, að lagafrumvarpið yrði ekki að lögum.

Með því að ráðaneytið og eptir því, sem þannig er fram komið, varð að telja það mjög ísjárvert að ráða til þess að frumvarpið yrði gjört að lögum, hefir það í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til að hinu umrædda frumvarpi til laga um friðun fugla og hreindýra yrði synjað allra-hæstrar staðfestingar; hefir hans hátign konunginum 18. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt báðum áðurnefndum brjefum yðar frá 30. sept. f. á. og 9. febr. þ. á.

Brjef landshöfðingja frá 30. septbr. 1899.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp til laga um friðun fugla og hreindýra, sem borið var upp af þingmanna hálfu, og jeg leyfi mjer að senda bæði í þeim búningi, er það kom í frá alþingi, og í danskri þýðingu.

Nefnt lagafrumvarp á að koma í stað núgildandi friðunarákvæða í lögum nr. 6 frá 17. marz 1882 og lögum nr. 33 frá 16. desbr. 1885, og eru aðalbreytingarnar á þessum ákvæðum í því fólgnar, að hinn almenni friðunartími er færður aptur um einn mánuð frá 1. apríl til 1 maí, að friðunartíminu fyrir lunda, sem nú er frá 10. maí til 20. júní, hjer eptir á að vera frá 1. júní til 1. ágúst, og að kveðið er á um nýjan friðunartíma fyrir rjúpur. rá 10. marz til 31. ágúst, og fyrir alptir, frá 15. maí til 30. septbr.

Þótt efasamt sje, hvort friðunarákvæði frumvarpsins sjeu að öllu leyti heppilegri en hin núgildandi, er að líkindum eigi næg ástæða til að frumvarpinu verði neitað allra-hæstrar staðfestingar.

Brjef landshöfðingja frá 9. febr. 1900.

Jafnframt því að senda mjer brjef með tveimur fylgiskjölum frá alþingismanninum fyrir Vestmannaeyjasýslu, dr. Valtý Guðmundssyni, þar sem skorað er á stjórnina að leggja það eigi til að frumvarp það til laga um friðun fugla og hreindýra, sem síðasta alþingi samþykkti, hljóti allra-hæsta staðfesting, hefir hið háa ráðaneyti í hæstvirtu brjefi frá 14. desbr. f. á. heimtað umsögn mína um málið.

Útaf þessu leyfi jeg mjer virðingarfullst að taka fram það, sem hjer segir, um leið og jeg sendi aftur fylgiskjölin.

Umgetið lagafrumvarp var borið upp í neðri deild alþingis útaf áskorun til þingsins um að lengja friðunartímann fyrir alptir, og hið upprunalega frumvarp var aðeins um það atriði. Frumvarpið var sett í nefnd, og eptir tillögum hennar var því breytt þannig, að í það voru tekin hin gildandi friðunarákvæði fyrir fugla og hreindýr óbreytt, með þeim undantekningum einum, að friðunartíminn fyrir alptir og rjúpur var lengdur. Við meðferð málsins komu fram ýms breytingaratkvæði; þannig kom fram breytingaratkvæði frá einum þingmanni í efri deild í þá átt, að lundinn yrði friðaður frá 1. júní til 1. ágúst í staðinn fyrir frá

**54** 10. maí til 20. júní, en lundaveiði er eigi óveruleg tekjugrein fyrir íbúa nokkura eyja við landið. Breytingaratkvæði þetta var samþykkt án frekari umræðna, að því er virðist umhugsunarlítið, og það að vonum, með því að flestir alþingismenn þekkja lítt til lundaveiði. Að þessi breyting á friðunartímanum fyrir lundann sje á margan hátt óheppileg og skaðleg fyrir þá, sem hafa tekjur af lundaveiði, virðist vera sannað á fullgildan hátt í erindi sýslunefndarinnar og hreppsnefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu til ráðaneytisins, með því að friðunartími frumvarpsins hittir einmitt á bezta veiðitímann, og að þetta ekki eigi sjer stað í Vestmannaeyjum einum sökum staðhátta þar, það sjest ljóslega af meðsendu erindi, er hingað hefir komið frá justitiarius í landsyfirrjettinum L. E. Sveinbjörnsson, sem er sjerlega fróður um allt, er snertir veiði og fuglatöku hjer á landi.

Er nú bætist hjervið, að einstök ákvæði önnur í hinu umgetna lagafrumvarpi eru miður vel hugsuð, eins og justitiarius Sveinbjörnsson hefir sýnt fram á, og að það eigi virðist vera veruleg þörf fyrir eða almenn ósk um breyting á gildandi lagaákvæðum um friðun fugla og dreindýra, mundi það að minni ætlun vera heppilegast að lagafrumvarpið yrði ekki gjört að lögum.

**55** **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll á**  
 30. maí »Kösters bitter«. Í brjefi, dagsettu 2. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, látið uppi álit yðar um erindi frá J. G. Halberg veitingamanni hjer í bænum um það, hvort »Kösters bitter« sje undanþeginn tollgjaldi eptir lögum nr. 29, 11. nóv. 1899 um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breytingu á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872.

Hafið þjer tekið það fram, að það sjáist af fyrirsögn laganna frá 11. nóv. 1899 og meðferð þeirra á alþingi, að eigi hefir verið tilætlazt að þau breyttu eldri tollögum, lögin tjái sig viðauka við eldri lög um toll at áfengum drykkjum en eigi breyting á þeim; að frumvarpið til umræddra laga, eins og það var afgreitt af neðri deild til efri deildar, hafi hljóðað um toll af svokölluðum kynjalýfjum, sem öll voru áður tollfrjáls, en í efri deild hafi frumvarpið sætt breytingum eptir að hafa verið sett í nefnd og verið samþykkt þar í þeirri mynd, sem lögin nú hafi, eptir tillögum minni hluta nefndarinnar, sem beint taka það fram, »að nú sje aðeins lagður tollur á þær bittertegundir, sem hingað til hafa verið undanþegnar tolli (sbr. ráðgjafabrjef 21. ágúst 1886)«, sjá Alþ.tíð. 1899, C bls. 438. Það hafi þannig verið tilætlun beggja þingdeildanna, að lögin skyldu eigi ná til þeirra bittertegunda, sem áður voru tollskyldar. Því teljið þjer fulla heimild til að skilja orðin í 1. gr. laganna frá 1899: »öllum bittertegundum« með þeirri takmörkun, sem fyrirsögn laganna og meðferð þeirra á alþingi beindir til, og ætti þá tollurinn ekki að hækka á »Kösters bitter«, sem áður var tollaður sem »önnur vínföng«.

Þjer takið það enn fram, að það geti að visu talizt álitamál, hvort upp-talningin í 1. gr. laganna, er einnig nefnir bitterlíkör, sem áður hafi verið tollskyldur, leyfi það að takmarka þannig verksvið laganna. En þar sem það sje auðsjáanlega sprottið af vangá eða misskilningi, að bitterlíkör, sem ekki er bittertegund, heldur líkörttegund, sje talinn í þessu sambandi, þá geti það atriði eigi